

Fundur 11.12.2023 Napoleon Bonaparte.

Góða kvöldið, komið þið öll sæl.

*Góða kvöldið og velkominn.*

Lengi hefur mig langað til að hafa samband við gömlu jörðina og hefur mér að vísu stundum tekist það en ekki hefur mér tekist að koma í gegn öllum upplýsingum mínum og er mér sérstaklega skemmt yfir því að þið skiljið fullkomlega líkamlega tilveru okkar í framlífi og finnst mér það mikill munur og var mér sagt að hin Íslenska þjóð væri í fararbroddi í þeim málum.

Var mér að vísu ljóst að ekki tókst fullkomlega tilraun mín til að koma í gegn á ykkar fundi áður, en tókst þó að koma í gegn nokkrum orðum.

Hef ég lifað langa æfi og hlakka ég mjög til að segja ykkur frá henni og hafa verið að skiptast á skin og skúrir í henni.

Og hef ég fyllst af fítonskrafti á stundum og unnið mikla sigra og hefur mér svo gengið illa á mörgum framlífs jörðum þar á eftir, þar sem ég er ofurseldur hæfileikum mínum, sem hafa bæði kosti og galla.

Og er það mjög svo fróðleg æfi og held ég að mér sé loksins að takast það á þessari framlífs jörð að ná tökum á sjálfum mér og læra af reynslunni hvað forðast ber, en ekki þýðir það alltaf að vera hæverskur í hernaðarframgöngu, vegna þess að aðstæður krefjast þess að ákvarðanir séu teknar í skyndi, og kemur þar fram minn gamli persónuleiki, sem bæði varð mér til uppdráttar og einnig til ógæfu að nokkru leiti.

Finnst mér æfinlega mikilvægt það sem ég starfa við, en sé það stundum eftir á að ég hef farið offari og afleiðingarnar koma í ljós.

Ég hef lært ýmis orð í mínu tungumáli og eitt þeirra mun vera þýtt á ykkar tungumáli sem herfjötur og helstefnu magnan sem yfir mig hefur komið í styrjaldar átökum okkar og hefur þá sigurvissan oftast en ekki blindað mér sýn á rökréttar ákvarðanir í stríðsrekstrinum og afleiðingarnar ekki verið góðar.

*Ýmislegt gengið á?*

Já, ég hef verið á mörgum nokkuð góðum jörðum, þar sem ég hef hjálpað fólki og stefnt að lýðræðis umbótum en hef svo oft stefnt þjóðum út í styrjaldir og mannfall orðið mikið og hef því verið á mörgum helstefnu jörðum einnig og hef haldið nokkru jafnvægi í því að bæta ráð mitt eftir allar þær misgjörðir.

Og er ég nú hér staddur á framlífs hnetti þar sem lýðurinn er að komast út úr ákveðnum fjötrum, menningarlegum fjötrum trúarbragða og þar sem ríkistjórn mín hefur komið á auknum mannréttindum, kvennfrelsi og margskonar úrbótum og veit ég til þess að mér verður launað með betri tilveru að þessu lífi loknu og þekki það af gamalli reynslu.

Er hér að vísu ekki almyrkt, en sólargangur er hér afskaplega takmarkaður auk margskonar styrjaldar ógna, eru hér ýmis villidýr sem við þurfum að kljást við og byrgðaflutningar af mat ekki tryggir í gegnum ýmis svæði.

Og hefur þessi jarðneska tilvera því verið áskorun og erfið.

Og hugði ég á stundum í þessu lífi að ég hefði særst til ólífis og ætti skammt eftir ólifað, en eftir því sem ég hef komið á fleiri framlífs hnetti, hef ég getað ákallað fleiri Guði og Gyðjur og kærleiksríka og öfluga menn og konur sem ég hef kynnst á öðrum framlífs hnöttum mínum þar sem þessir aðilar hafa hjálpað mér út úr ógöngum og leyft mér að nefna nafn sitt í neyð og magnast af því og hjálp þeirra og finnst mér því eins og þær erfiðu jarðvistir sem ég hef gengið í gegnum á helstefnu hnöttum framlífs míns, hafa orðið styttri með tímanum og hinar gæfuríkari lengri.

Hef ég stundum viljað hætta þessum stríðsrekstri alfarið og festa ráð mitt og rækta betri eðlisþætti geðs míns og sálar, en hefur það verið mér ofviða og hefur mér æfinlega fundist eins og ég þurfi að hella mér út í vandræði líðandi stundar og verða þar í fararbroddi eins og fyrrum.

Er það svo margt annað sem ég vildi segja ykkur, en

*Ekki ert þú franskur ?*

Já Napóleon Bónaparte.

*Þú otar þér alltaf í svona læti ?*

Já það er merkileg ævin og margt að segja frá, já það er satt, alltof margskonar styrjaldar, hef lent á helstefnu hnöttum, já er nú að reyna að bæta fyrir það.

*Það er nú búið að gera nýja kvikmynd um þig hér á jörðinni.*

Já fann fyrir einhverri stilli orku, stilli afli til mín og gleður mig.

Finn ég enn að þjóð mín gegnir einhverju hlutverki í menningar þróun ykkar hnattar, er það ekki ?

*Jú jú, það er litið til Frakklands með margt.*

Já.

*En það er ekki allt á betri veginn, því miður.*

Nei mér skilst það að nóg sé um vandamálin og mér finnst eins og mín æfi hafi verið eitt skref af mörgum, sum aftur á bak og sum áfram til gæfu og maður er ekki alltaf sér sjálfráður að öllu leiti heldur undir ýmiskonar áhrifum góðra og verri vera. Já.

*Ert þú ekki kominn með undirbúning núna undir að losna undan þessu og komast í meira jafnvægi?*

Já ég segi kannske frá því síðar, já það er rétt hjá þér, þetta hafa verið mannfrek stríð og ekki alltaf haft góðar afleiðingar, kem nú inn á það síðar, verð nú að kveðja, ég þakka fyrir gott hljóð, en afrekin hafa nú verið ýmisleg samt.

Þakka ég nú fyrir mig og verið þið öll blessuð og sæl.

*Við óskum þér alls hins besta.*

Já.

*Nú skalt þú stefna upp á við til ljóssins.*

Já ég reyni það, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir og vertu blessaður og sæll.*